

Fimmtudaginn 12. desember 1996.

Nr. 132/1996.

Samskip hf.

(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

gegn

Heiðari B. Kristinssyni

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

Sjómenn. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1996 og krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar af kröfum stefnda. Hann krefst í báðum tilvikum málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að áfrýjandi greiði sér 291.759 krónur með dráttarvöxtum frá 1. júlí 1994 til greiðsludags og að málskostnaðarákvörðun héraðsdóms verði staðfest. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem í héraðsdómi greinir, fer um rétt stefnda til greiðslna í uppsagnarfresti eftir 2. mgr. 45. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Ágreiningslaust er, að uppsagnarfrestur var út júnímánuð 1994 og að um kjör stefnda hafi farið eftir kjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Skipstjórafélags Íslands. Aðilar deila hins vegar um, hvaða tjón frávikningin hafi bakað stefnda. Krefst áfrýjandi þess, að svonefndir frídagar og landgöngufé samkvæmt ákvæðum 8.7. og 2.4. í kjarasamningnum verði ekki talin meðal þess, er stefndi hefði notið.

Samkvæmt 27. gr. sjómannalaga ber skipverja kaup til þess dags og að honum meðtöldum, er ráðningu hans lýkur samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi, og skiptir þá ekki máli, þótt hann hafi áður verið afskráður. Með vísan til dóms Hæstaréttar 1988, 518, ber stefnda þannig allt það kaup, sem fylgdi stöðu hans sem skipstjóra, enda mátti hann vænta þess að halda óskertum ráðningarkjörum, eins og þau eru ákveðin í framangreindum kjarasamningi. Enda þótt stefndi hafi verið afskráður í desember 1993, bera honum því

fríðagar samkvæmt ákvæðum 8.7.1. til 8.7.8. í kjarasamningi. Í greinargerð sinni til Hæstaréttar krefst stefndi greiðslu fríðaga fyrir mars, apríl og maí 1994. Ágreiningslaust er, að þeir hafi verið 32 talsins. Samkvæmt grein 8.7.3. skal draga frá sem svarar $\frac{1}{4}$ af legudögum í heimahöfnum á skráningartímabilinu. Eins og greinir í héraðsdómi, seldi áfrýjandi skipið, sem stefndi starfaði á, áður en honum var sagt upp. Þykir því verða að líta á tímabilið frá mars til maí 1994 sem ígildi legudaga í heimahöfn. Er fjórðungur þess tíma 23 dagar, sem draga ber frá fríðögum stefnda samkvæmt framan- greindu ákvæði kjarasamnings. Fær stefndi því greidda 9 fríðaga á 8.010,39 krónur, alls 72.094 krónur, að viðbættu 13,04% orlofi, samtals 81.495 krónur, ásamt vöxtum, eins og krafist er.

Stefndi krefst auk þessa svokallaðs landgöngufjár. Samkvæmt gögnum málsins verður að líta á landgöngufé sem endurgreiðslu útlagðs kostnaðar skipstjóra í utanlands- og innanlandssiglingum, sem fellur á við landgöngu vegna stöðu hans og starfa í þágu útgerðarmanns. Telst fé þetta því ekki hluti af kaupi skipstjóra, sem stefnda beri, og verður áfrýjandi því sýknaður af þessum kröfulið.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Samskip hf., greiði stefnda, Heiðari B. Kristinsyni, 81.495 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1994 til greiðsludags.

Hvor aðila beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. nóvember 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. október sl., var höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu 14. desember 1994.

Stefnandi er Heiðar B. Kristinsson, kt. 050842-2909, Stórateigi 6, Reykjavík.

Stefndi er Samskip hf., kt. 440986-1539, Holtabakka v/Holtaveg, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 393.987 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 1. júlí 1994 til greiðsludags, þannig, að

ársvextir taki breytingum skv. III. kafla laga nr. 25/1987, auk málskostnaðar skv. gjaldskrá Löggarðs hf. og lögmæltis virðisaukaskatts skv. lögum nr. 50/1988.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að stefndi verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar.

Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Málavextir.

Stefnandi, Heiðar B. Kristinsson, starfaði sem skipstjóri hjá Samskipum hf. Honum var sagt upp störfum 28. janúar 1994, og skyldu starfslok verða 1. júlí 1994. Heiðar var í fríi, þegar honum var sagt upp, og átti að koma til vinnu 1. mars 1994. Þegar þar að kom, var vinnuframlags hans ekki óskað, en honum greidd laun fyrir virka daga mánuðina mars, apríl og maí. Í júní vann hann við sumarafleysingar hjá landrekstrardeild hjá Samskipum. Hann mótmælti strax launauppgjöri á uppsagnartíma. Árið 1991 krafði stefnandi útgerðina um greiðslu frídaga í veikindum, samanber bréf Skúla Pálssonar hrl., dags. 19. nóvember 1991. Með bréfi, dags. 5. september 1994, setti Heiðar fram kröfu um þau atriði, sem hann taldi sig eiga inni hjá Samskipum hf. Í kjölfar þess bréfs voru honum greiddir tilteknir þættir, og eftir höfðun máls þessa, í janúar 1995, greiddi stefndi kröfu stefnanda vegna frídaga í veikindum 1991. Enn eru óuppgerðir frídagar skv. grein 8.7. í kjarasamningi fyrir mars–júní 1994, orlof af greiðslum vegna frídaga svo og landgöngufé í uppsagnarfresti mars, apríl og maí, samtals 393.987 kr.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að réttur stefnanda til greiðslu frídaga í uppsagnarfresti og veikindum sé reistur á greinum 4.2. og 8.7. svo og bókun frá 16. apríl 1984 í kjarasamningi Skipstjórafélags Íslands við VSÍ og VMS, ákvæðum sjómannalaga nr. 35/1985, einkum 2. mgr. 45. gr. og 46. gr., Hrd. 1988, 75, og Hrd. 1991, 70. Einnig er vitnað til tveggja dóma Hæstaréttar, upp kveðinna 1. desember 1994, Eimskip gegn Tryggva Egilssyni og Eimskip gegn Jóhanni Gíslasyni. Krafa um greiðslu landgöngufjár er studd grein 2.4.1. í kjarasamningi aðila svo og 2. mgr. 45. gr. sjómannalaga, að skipstjóra skuli bætt það tjón, sem frávikning úr stöðu bakar honum. Orlofskrafan byggist á 12. kafla kjarasamnings svo og ákvæðum orlofslaga. Um vexti er vísað til laga nr. 25/1987 og um virðisaukaskatt til laga nr. 50/1988.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína svo:

Fríðagar f. mars 1994, 9 d. á 8010/39	kr. 72.094
Fríðagar f. apríl 1994, 12 d. á 8010/39	– 96.125
Fríðagar f. maí 1994, 11 d. á 8010/39	– 88.114
Fríðagar f. júní 1994, 9 d. á 8010/39	– 72.094
	kr. 328.427
Orlof af fríðögum, 13,04% af 328.427	– 42.827
Landgöngufé í uppsagnarfresti	
mars – maí, 92 dagar	– 22.724
Samtals:	kr. 393.978

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi krefst sýknu af kröfum um fríðagagreiðslur í uppsagnarfresti og af kröfum um greiðslu landgöngufjár. Röök stefnda fyrir þessari afstöðu eru einkum eftirfarandi:

Í kjarasamningi þeim, sem stefnandi reisir kröfur sínar á og gildi um starfskjör hans, sbr. til hliðsjónar 45. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sé einungis gert ráð fyrir, að landgöngufé sé greitt í tveimur tilvikum, þ. e. í utanlandssiglingum og í innanlandssiglingum. Greiðslur þessar séu í eðli sínu bætur eða uppbót fyrir skipstjóra vegna aukakostnaðar, sem á falli við landgöngu, þar sem hann hafi forsjá skips og ábyrgð á tilteknum skuldbindingum, er stofnað kunni að verða til í landlegu vegna rekstrar skipsins. Þar sem ms. Jökullfell hafi verið selt þegar 22. desember 1993 og stefnandi án þeirrar forsjár, sem hann eða staðgengill hans ella hefði haft, meðan á uppsagnarfresti stóð, hafi hann ekki getað öðlast rétt til greiðslu landgöngufjár. Stefnandi hafi dvalist á heimili sínu og ekki þurft að sinna vinnuskyldu allan þann tíma, sem hann geri kröfu um landgöngufé sér til handa. Engum staðgengilslaunum sé til að dreifa, enda er skipið ekki í rekstri.

Að því er kröfur um greiðslu fríðaga varðar, er þeirri kröfu hafnað, þar sem greiðsluskylda samkvæmt kjarasamningi í þessum tilvikum sé einungis á skráningartímabili. Utan skráningartímabils verði engin innvinnsla fríðaga hjá skipstjóra, sbr. tl. 8.7. í nefndum kjarasamningi. Auk þess séu fríðagagreiðslur uppbót fyrir skipstjóra, þegar hann vegna starfa sinna um borð í skipinu geti ekki tekið frí um helgar og á hátíðisdögum eins og aðrir launþegar.

Með hliðsjón af þeirri staðreynd, að stefnandi hafi ekki þurft að inna af hendi vinnuskyldu og verið í raun í frí á fullum launum frá 1. mars til maí-loka, er hann tók við öðru starfi hjá stefnda, hafi réttur til fríðagagreiðslna ekki getað stofnast.

Varakrafa stefnda er reist á eftirfarandi sjónarmiðum:

a) Sé við það miðað, að réttur stefnanda til greiðslna félli niður við upphaf nýs starfs sem verkstjóri í skipaafgreiðslu 1. júní 1994, eiga að dragast frá 23 dagar ($92 \times 1/4$) eða 208.263 kr. ($23 \times 8.010,39 \times 13,04\%$).

Í þessu tilviki eigi einnig að draga frá kröfunni kröfu um greiðslu frídaga í júní 1994, 81.495 kr. ($72,094 \times 13,04\%$), enda hafi stefnandi þá tekið við öðru starfi í þágu stefnda og tekið laun og önnur starfskjör samkvæmt því starfi allt frá 1. júní.

b) Hvað sem öðru líði, verði stefnandi að sæta frádrætti á kröfum um frídagagreiðslur, sem svari til $1/4$ af legudögum skips í heimahöfn. Jafna verði þeirri stöðu, sem stefnandi var í, þ. e., að hann hafi dvalist á heimili sínu allan þann tíma, sem hann krefji um frídagagreiðslur fyrir, til þess, að skip hafi verið í heimahöfn, sbr. tl. 8.7.3. og 8.7.4. í kjarasamningi. Í því felist, að frá 1. mars til 30. júní 1994, þ. e. á 122 dögum, hefðu komið 30,5 dagar til frádráttar eða 276.176 kr. ($30,5 \times 8.010,39 \times 13,04\%$).

Jafnvel þó að hafnað væri frádrætti á frídagagreiðslum samkvæmt hinum tilvitnuðu ákvæðum í kjarasamningi, ætti stefnandi ekki að eiga rétt til frídagagreiðslna í júní, þar sem hann hafi þá þegar tekið við öðru starfi af fúsum og frjálsum vilja og um starfskjör í því starfi hafi ekki gilt reglur um rétt til frídaga.

Af hálfu stefnda er einkum vísað til hliðsjónar til 45. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 svo og til tl. 2.4. og til reglna VIII. kafla í kjarasamningi Skipstjórafélags Íslands og viðsemjenda þess. Jafnframt er vísað til 5. og 6. gr. laga nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna. Um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Undir rekstri málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu fyrir dómi, og við aðalmeðferð þess gaf Hjörtur Emilsson deildarstjóri skýrslu fyrir dómi.

Fram kom, að stefnandi hefði hafið störf hjá skipadeild SÍS 1963 og verið skipstjóri á skipum félagsins frá 1975 fyrir utan 18 mánuði, sem stefnandi vann fyrir skipadeildina í landi á tímabilinu 1979-1980. Það gerði stefnandi aftur sumarið 1984. Frá því að Samskip hf. var stofnað árið 1991 og tók við rekstri skipadeildarinnar, starfaði stefnandi hjá stefnda, þar til honum var sagt upp.

Niðurstaða.

Um uppsögn stefnanda úr starfi hans sem skipstjóra á skipi stefnda fer eftir ákvæðum 2. mgr. 45. gr. laga nr. 35/1985, þar sem ákvæði 47. gr. sömu laga eiga ekki við um uppsögnina. Samkvæmt 4.2. í kjarasamningi Vinnu-

veitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna annars vegar og Skipstjórafélags Íslands hins vegar frá 1. maí 1992 var uppsagnarfrestur stefnanda fjórir mánuðir.

Fram er komið, að stefnandi var fús til vinnu á uppsagnartímanum, en vinnuframboð hans var ekki þegið fyrr en í júní 1994, en þá hóf hann störf í landi fyrir stefnda og sinnti því fram í september 1994, er honum bauðst ekki frekari vinna hjá stefnda.

Tilvitnuð 2. mgr. 45. gr. laga nr. 35/1995 er svohljóðandi:

„Sé skipstjóra vikið úr stöðu, áður en ráðningartími hans er úti og án þess að heimild sé til þess samkvæmt 47. gr., á hann rétt á bótum fyrir það tjón, sem frávikningin bakar honum.“

Við mat á tjóni stefnanda verður að líta til þeirra tekna, sem hann hefði haft, hefði ekki til uppsagnar komið, og svo þeirra tekna, sem hann naut á uppsagnartímanum.

Því er ekki haldið fram af hálfu stefnda, að með launum stefnanda frá stefnda fyrir störf stefnanda í landi í júní 1994 hafi tjón stefnanda vegna uppsagnarinnar minnkað, sem nemur kröfum stefnanda um greiðslu fyrir frídaga í mars, apríl, maí og júní 1994 og svo landgöngufé í mars, apríl og maí 1994.

Hefði stefnanda ekki verið sagt upp, hefði hann unnið sér rétt til frídaga. Það að missa af frídagarétti verður að telja hluta af tjóni stefnanda, enda var það ekki fyrir tilverknað stefnanda, að hann var afskráður. Ekki skiptir máli í þessu sambandi, að stefnandi var í fríi á uppsagnartímanum. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 29. janúar 1988 í máli nr. 202/1986, var ákveðið, að frídagar skv. kjarasamningi teldust til launa skv. sjómannalögum. Stefnandi krefst greiðslu á 328.427 kr. vegna 41 frídags með vísan til gr. 8.7.3. og 8.7.4. Þykir bera að taka kröfu þessa til greina, að því er varðar 31 dag, eða 248.322 kr., og 32.381 kr. í orlof.

Í skjölum málsins kemur fram, að stefnanda var greitt landgöngufé alla daga, sem hann var lögskráður árið 1993. Í fram lögðu bréfi ríkisskattstjóra, dags. 23. okt. 1995, kemur fram, að árið 1988 hafi síðast verið heimilaður frádráttur vegna landgöngufjár, þ. e. vegna tekjuársins 1987. Á fram lögðum launamiðum er landgöngufé ekki sérstaklega talið. Þegar til þess er litið, verður að telja, að landgöngufé hafi verið hluti af launum skipstjóra, enda ekkert fram komið, að við greiðslu þess hafi á nokkurn hátt verið litið til útgjalda skipstjóra. Verður því að telja missi landgöngufjár hluta af tjóni stefnanda, og verður krafa stefnanda vegna landgöngufjár í mars – maí 1994, 22.724 kr., tekin til greina.

Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda 303.427 kr. með vöxtum, eins og segir í dómsorði.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 110.000 kr., og hefur þá verið litið til virðisaukaskatts.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Samskip hf., greiði stefnanda, Heiðari B. Kristinssyni, 303.427 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1994 til greiðsludags og 110.000 kr. í málskostnað.
